

Hljómplötuútgáfan STEINAR H.F., eftirleidis nefnd hljómlistarútgefandi og hljómsveitin UTANGARÐSMENN, sem skipud er eftirtöldum meðlimum : *Asbjörn Morthens, Magnús Stefánsson, Daniel Pollock, Michael D. Pollock og Ranní Erlingsson*

eftirleidis nefnd hljómlistarflytjandi, gera með sér svofelldan

S A M N I N G .  
-----

1. gr. Hljómlistarflytjandi vinnur verk sín samkvæmt samningi þessum sem sjálfstædur verktaki, en ekki sem starfsmadur útgefanda.
2. Um réttindi og skyldur aðila fer í einu og öllu eftir samningi þessum.
3. gr. a) Hljómlistarflytjandi skuldbindur sig til að gera 3 litlar plötur og 3 LP plötur fyrir Hljómlistarútgefanda með jöfnu millibili og skal Hljómlistarflytjandi afhenda master fyrir 3. LP plötuna eigi síðar en tvö ár eru lúðin frá undirskrift samnings þessa.
  - b) Til þess að fullgera hverja litla plötu fær Hljómlistarflytjandi 20 tíma í Hljódrásaveri og kr. 200.000 - tvö hundruð þúsund - sem Hljómlistarútgefandi sér um að greiða eigi síðar en viku eftir að upptökum og hljóðblöndun er að fullu lokid.
  - c) Hljómlistarútgefandi greidir hljódupptöku kostnad vegna hvernar af þeim þrem LP plötum, sem talad er um í 3.gr. a) þessa samnings, sem hér segir:
    - Plata 1. 100 klst. í Hljódrásaveri og kr. 1.000.000 - ein milljón - vegna annars kostnadar vid ad fullgera "mastertape".
    - Plata 2. 120 klst. í Hljódrásaveri og kr. 1.500.000 - fimmtán hundruð þúsund - vegna annars kostnadar vid ad fullgera "mastertape".
    - Plata 3. 140 klst. í Hljódrásaveri og kr. 2.000.000 - tværmilljónir - vid ad fullgera "mastertape".
  - d) Hvað varðar annan kostnad vid ad fullgera "mastertape" þá skal Hljómlistarútgefandi greiða helming þeirrar upphæðar strax og upptökur hefjast og afganginn eigi síðar en masterar eru fullbúnir. Hvað varðar kostnad pr. klst. í Hljódrásaveri, þá skal miða vid verd eins og það er í Hljódrásaveri Hljódríta h.f. á hverjum tíma. Skal Hljómlistarútgefandi greiða viðkomandi hljódrásaveri ad fullu, en fari svo ad Hljómlistarflytjandi noti ekki alla þá tíma, sem áætlaðir eru vid gerð hvernar plötu, skal Hljómlistarútgefandi greiða Hljómlistarflytjanda með peningum það sem ónotad er af tímanum í hvert sinn, eigi síðar en 4 vikum eftir ad gerð "mastertapes" er ad fullu lokid. Gildir hið sama um gerð hvernar lítillar plötu.
  - e) Fyrir þær greiðslur sem talad er um hér í 3 gr. þessa samnings og inntar eru af Hljómlistarútgefanda skal Hljómlistarflytjandi skila öllum "mastertapes" fullgerdum til skurðar og pressunar. Hljómlistarflytjandi greidir af þessum peningum allar ferdir sínar og uppihald meðan á upptökunum stendur, svo og alla adkeypta adstoð vid upptökurnar.

- f) Hljómlistarútgefandi annast um gerð umslags, en samþykki beggja aðila skal liggja fyrir hugmynd þeirri er notud verður á hvert umslag, einnig annast hljómlistarútgefandi um gerð hljómskífa (skurður og pressun), flutning hljómlatna, útleysingu og tollafgreiðslu, gerð auglýsinga og auglýsinga-efnis, auk skila á höfundarlaunum til STEF. Hljómlistarútgefandi sér um allar greiðslur á ofantöldu auk annars se, upp kann að koma eftir að Hljómlistarflytjandi hefur skilað af sér masterum, þó ekki sé búist við að annar kostnaður þurfi að koma til við gerð hljómlatnanna.
4. gr. Noti Hljómlistarflytjandi meiri tíma í Hljódrásaveri en fram kemir í líð 3 c), er Hljómlistarflytjandi ábyrgur fyrir þeim kostnaði, svo og öðrum þeim skuldbindingum er Hljómlistarflytjandi kann að gera og ekki hafa verið samþykktar að Hljómlistarútgefanda.
5. gr. Hljómlistarútgefandi fær í sinn hlut 10% af heildsöluverði hveurrar seldrar hljómskífu áður en þóknun til Hljómlistarflytjenda skal reiknuð, sbr. síðar. Skal þessi fjárhæð meta kostnaði hljómlistarútgefanda vegna dreifingar og sölu hljómskífa, kostnaði vegna gefinna hljómskífa í auglýsingaskyni, rýrnun, fjármagnskostnaði ofl.
6. gr. Þóknun til hljómlistarflytjanda skal reikna á eftirfarandi hátt :
- a) Þegar seldar hafa verið 2500 eintök af hljómplötum og kassetum skal þóknun fyrst greiðast til Hljómlistarflytjanda. Gildir sá eintakafjöldi einnig um sölu tveggja laga platna, sbr. síðar.
- b) Skal Hljómlistarflytjandi fá í sinn hlut sem þóknun fyrir verk sín 35% af nettó heildsöluverði hveurrar hljómskífu sbr. líð 5 og líð 6 a) hér að ofan.
7. gr. Uppgjör fer fram til Hljómlistarflytjanda 4 mánuðum eftir útgáfudag hljómskífunnar, sé þess kostur. Sé uppgjör þá ekki mögulegt vegna atvika, sem ekki varða Hljómlistarútgefanda, skal nettó ágóðahlutur áætlaður af bókhaldara Hljómlistarútgefanda m.v. bókhaldsgögn um seld eintök og kostnað sem Hljómlistarútgefandi hefur haft af útgáfunni á þeim tíma. Frekari uppgjör miðast síðan við áramót og skal gert upp eigi síðar en þrem mánuðum frá áramótum. Til uppgjörs koma öll seld eintök af hljómplötum og kassetum með verkum hljómlistarflytjanda.
8. gr. Hljómlistarútgefandi á einn allan útgáfurétt á þeim hljódupptökum, sem samningur þessi fjallar um, hvort sem er í heild sinni eða einstökum hlutum (lögum), innan lands eða utan. Komi síðar til útgáfu á hljódupptökum að hluta, fær Hljómlistarflytjandi greitt skv. hlutfalli efnis við annað á þeirri hljómskífu og/eda kassetu og þá í fullu samræmi við þau ákvæði sem gilda í samningi þessum.
9. gr. Hljómlistarflytjandi skal vinna verk sín skv. samningi þessum af sinni bestu getu og kunáttu og rækja þau af samvirkusemi. Skal hann leitast við að gæta hagsmuna Hljómlistarútgefanda í öllum verkum sínum og athöfnum, sem varða samning þennan. Sérstaklega ber Hljómlistarflytjandi að sjá til þess að verkefni og vinna skv. samningi þessum séu unnin á sem skemmstum tíma en þó fullnægjandi í alla stadi og að jafnframt ber honum að kappkosta að kostnaður vegna verka hans sé innan marka upphaflegrar kostnadaráætlunar.

10. gr. a) Verði um tap að ræða á hljómlistarútgáfunni skv. samningi þessum, hvort sem er fyrsta útgáfa eða einhver hinna síðari eða Hljómlistarflytjandi heldur ekki samning þennan að mati Hljómlistarútgefanda og þá sérstaklega 9. gr. þessa samnings, er Hljómlistarútgefanda heimilt einhlíða og án fyrirvara að segja samningi þessum upp.
10. gr. b) Hljómlistarútgefandi skal reyna af fremsta megni að koma hljódupptökum þeim, sem Hljómlistarflytjandi gerir skv. þessum samningi, á framfæri í útlöndum. Geti Hljómlistarflytjandi fært sönnur á að Hljómlistarútgefandi hafi ekki staðið við gefin loford hvað varðar kynningu á tónlist þeirra í útlöndum, skal Hljómlistarflytjanda heimild að segja upp samningi þessum með 6 mánaða fyrirvara.
11. gr. a) Komi til útgáfu á hljódupptökum þeim, sem samningur þessi fjallar um, í útlöndum, fær Hljómlistarflytjandi greitt í sinn hlut 50% af öllum þeim ágóða er slík útgáfa kann að skapa Hljómlistarútgefanda.
11. gr. b) Hljómlistarútgefandi skal bera allan kostnað við að koma hljódupptökum á framfæri í útlöndum. En komi til auka hljódupptöku vegna slíkrar útgáfu (t.d. að syngja þurfi texta aftur á erlendu máli) hefur Hljómlistarútgefandi rétt til að draga þann upptökukostnað frá ágóða þeim er skapast kann vegna útgáfunnar í útlöndum.
11. gr. c) Hljómlistarútgefandi hefur allan ákvörðunar- og samningsrétt hvað varðar útgáfu í útlöndum á hljódupptökum þeim, sem þessi samningur fjallar um
12. gr. Vanefni samningsaðilar samning þennan, gilda um það slmennar bótareglur.
13. gr. Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur án undangenginnar sáttamedferdar hjá sáttanefnd.

Reykjavík, 23. júní 1980

f.h. STEINAR H.F.

*Steinar Berg Isleifsson*

Steinar Berg Isleifsson

f.h. UTANGARÐSMANNA

VOTTAR :

*Þórunn Gertudóttir*  
5271-7573

*Ólafur Karlsson*

*Ásbjörn Matthíasson*

*Maguinn Stefánsson*

*Arnaldur Pálsson*

*Michael D. Pálsson*